

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 47/1939. **Benedikt Benediktsson, Jóhannes Benediktsson, Sigtryggur Jónsson og ríkissjóður Íslands**  
 (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Theódór Johnson** (Pétur Magnússon).

Krafa um útgáfu afsals fyrir veiðiréttindum í á eigi tekin til greina sökum galla á framkvæmd yfirmats við eignarnám réttindanna.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 1. maí þ. á. með stefnu 6. s. m., hafa krafizt þess, að stefndur verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til þess að gefa út til áfrýjanda hvers um sig afsal að veiðiréttindum í Laxá í Dalasýslu fyrir landi hverrar jarðar þeirra um sig gegn greiðslum frá þeim samkvæmt yfirmati eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Svo krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að fallast verður á rök þau, er í héraðsdóminum segir, fyrir þargreindri niðurstöðu, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 500 krónur.

**Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Benedikt Benediktsson, Jóhannes Benediktsson, Sigtryggur Jónsson og ríkissjóður Íslands, greiði stefnda, Theódór Johnson, in solidum 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. jan. 1939.**

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. janúar 1938 af þeim Benedikt Benediktssyni, eiganda og ábúanda Sauðhúsa, Jóhannesi Benediktssyni, eiganda og ábúanda Saura, og Sigtryggi Jónssyni, eiganda og ábúanda Hrappsstaða, öllum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, svo og Ríkissjóði Íslands sem eiganda jarðarinnar Fjósa í sama hreppi, sem samkvæmt yfirlýsingu hér fyrir réttinum eru í veiðifélagi á staðnum, gegn Theodór Johnson, hóteleiganda, hér í bænum, og eru réttarkröfur stefnenda þær, að stefndur verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til að gefa út til þeirra, hvers um sig, afsal fyrir veiðirétti hverrar ofangreindrar jarðar í Laxá í Laxárdal gegn greiðslu þeirra upphæða, er rétturinn er metinn í síðargreindri yfirmatsgerð. Auk þess krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að árið 1924 keypti stefndur í máli þessu jörðina Hjarðarholt í Laxárdal af sýslusjóði Dalasýslu. Er jörð sú, sem kunnugt er, neðarlega í Laxárdal norðan Laxár og á land að ánni á alllöngu svæði. Sunnan árinna eru Höskuldsstaðir, og eiga þeir land að ánni móti Hjarðarholti á löngu svæði. Frá neðri landamerkjum Höskuldsstaða og Hjarðarholts taka við jarðirnar Saurar og Sauðhús að sunnanverðu, en Hrappsstaðir og Fjósar að

norðanverðu, og eiga þær land að ánni til ósa hennar. Þessar fjórar jarðir eru allar gamlar kirkjujarðir Hjarðarholtskirkju, en hafa á sínum tíma verið seldar ábúendum þeirra, þó þannig, að veiði í Laxá var undanskilin sölunni. Þegar stefndur keypti Hjarðarholt, hafði verið farið illa með Laxá nokkur ár. Hafði ádráttarveiði verið stunduð þar af kappi, og var áin orðin mjög lax-lítill. Stefndur vissi hinsvegar, að áin hafði fyrrmeir verið góð veiðiá, og taldi, að auðvelt myndi að auka veiði í henni á ný með nokkurra ára friðun. Setti hann þess vegna það skilyrði, er hann keypti Hjarðarholt, að hann fengi einnig keypta veiði fyrir löndum fjöggra áðurgreindra jarða neðan með ánni, og var það loks samþykkt. Eru aðiljar sammála um, að raunverulegt kaupverð veiðiréttarins fyrir öllum fjórum jörðunum hafi samtals verið kr. 7000.00.

Þegar er stefndur hafði keypt veiðiréttinn, friðaði hann ána að öðru leyti en því, að hann veiddi sjálfur eitthvað smávegis á stöng í henni og leyfði manni og manni, er hjá honum dvaldi í Hjarðarholti, en þar hafði hann sumargistihús, að kasta í hana. Litlu síðar kom hann upp laxaklaki, sem að jafnaði hefir verið starfrækt þar síðan. Með þessum ráðstöfunum hefir stefndum tekizt að koma allgóðri laxveiði í ána, og mun nú, eftir því sem fyrir liggur, mega telja hana með betri laxveiðiám landsins.

Nú hafa eigendur áðurnefndra fjöggra jarða neðan Hjarðarholts, samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932 um laxa- og silungaveiði, talið sig eiga rétt á að innleysa hver um sig veiðiréttindin fyrir sinni jörð. Hafa þeir því hlutast til um, að réttindin væru metin á lögskipaðan hátt, og hefir farið fram bæði undir- og yfirmat á þeim. Er yfirmatsgerðin dags. 30. október 1936, og er niðurstaða hennar sú, að hæfileg greiðsla til stefnds fyrir veiðiréttinn fyrir Sauralandi væri kr. 1000.00, Fjósalandi kr. 1700.00, Sauðhúsalandi kr. 2550.00 og Hrappsstaðalandi kr. 2250.00. Kröfðust nú stefnendur, að stefndur afsalaði þeim, hverjum um sig, umræddum veiðiréttindum gegn greiðslu matsupphæðanna, en stefndur neitaði að verða við því. Hafa stefnendur því höfðað mál þetta til að fá stefndan skyldaðan til að verða við þessum kröfum þeirra. Telja þeir öllum skilyrðum fyrir innlausn veiðiréttarins, er veiðilögin setji, fullnægt af sinni hálfu, og með því að áðurgreint mat sé í alla staði löglegt

og löglega framkvæmt beri að taka réttarkröfur þeirra til greina að öllu leyti.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að reynslan sé sú, að mun betur sé farið með þau veiðiréttindi, er skilin hafi verið frá jörðunum, en þau, er þeim hafi fylgt. Það sé því síður en svo, að almenningsþörf krefji, að jarðeigendum sé heimilað að innleysa fráskilin veiðiréttindi til jarðanna á ný. Ákvæði 3. gr. veiðilaganna um innlausnarréttinn brjóti því í bága við ákvæði 62. gr. stjórnarskrárinnar, er mæli svo fyrir, að engan megi svifta eign sinni, nema almenningsþörf krefji, og sé nefnt veiðilagaákvæði því að engu hafandi.

Með umræddri lagasetningu hefir löggjafinn einu sinni fyrir allt gefið hina formlegu lagaheimild til að krefjast eignarnáms í veiðiréttindum, eins og gert er í þessu máli. Hvort ákvæðið auk þess er viðtækara en samrýmlegt sé 62. gr. stjórnarskrárinnar þykir ekki hér, eins og málinu er háttað að öðru leyti, ástæða til að rannsaka eða taka afstöðu til.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að jafnvel þótt ákvæði 3. gr. veiðilaganna um innlausnarréttinn væri talið bindandi, þá sé þó ekki við fyrirhugaða innlausn á veiðiréttindum sínum fullnægt því skilyrði stjórnarskrárinnar, að fullt verð komi fyrir hin innleystu réttindi, ef kröfur stefnanda yrðu teknar til greina. Telur hann áðurgreinda yfirmatsgerð byggða á alröngum grundvelli og niðurstöðutölur hennar mun lægri en sannvirði réttindanna sé.

Við matið á veiðiréttindunum lágu fyrir matsmönnum veiðiskýrslur úr lögskipuðum framtalsskýrslum hreppstjóra Laxárdalshrepps, fyrir árin 1920 til 1932, að árinu 1924 undanskildu, sem ekki var talið fram fyrir, svo og veiðiskýrsla fyrir árið 1936. Þá lágu einnig fyrir þeim upplýsingar um, að leigutekjur af veiðinni voru árið 1930 £100—0—0 og árið 1936 sama upphæð, og loks tvö tilboð í veiðina 1937, annað £100—0—0, en hitt £150—0—0. Í leigu þessari og tilboðum voru þó innifalin veiðiréttindi fyrir Hjarðarholtslandi, sem voru fremur rýr, samanborið við hin, og gisting í Hjarðarholti. Í matsgerðinni segir hinsvegar, að matsmennirnir hafi „komið sér saman um að leggja til grundvallar meðaltal á laxveiðinni síðastliðin 10

ár, sem skýrslur liggja fyrir um,“ og einnig hafi þeir haft til hliðsjónar leigutekjurnar 1936. Til annars, er fyrir lá samkvæmt framansögðu, virðast matsmennirnir ekki hafa tekið neitt tillit. Þegar yfirmatsmennirnir staðfestu matið í aukarétti Dalasýslu 24. maí s. l., kom í ljós, að aðferð þeirra hafði verið sú, að þeir höfðu reiknað út meðalþyngd veiðinnar umgetin 10 ár og reynzt hún vera 596 kg, er þeir töldu ca. 600.00 kr. virði. Kostnað við veiðina töldu þeir kr. 300.00 og að hreinar tekjur af henni væru því kr. 300.00 á ári, en vegna leigunnar 1936 kveðast þeir þó hafa hækkað árstekjurnar um kr. 150.00, þannig að þær yrðu kr. 450.00, en sú upphæð svari til 6% p. a. vaxta af samantölgðu matsverðinu kr. 7500.00. Það kemur því glöggt fram hjá matsmönnum, að þeir framkvæma matið á þeim grundvelli, að sannvirði veiðiréttindanna sé andvirði veiðinnar að frádregnum kostnaði við að afla hennar.

Nú er það þó alkunnugt, að veiðimenn greiða oft til-  
tölulega mjög háa leigu fyrir veiðiréttindi, sem ekki er í  
neinu samræmi við tekjur af veiðinni, enda mun ekki ótítt  
í slíkum samningum, að öll veiðin renni endurgjaldslaus  
til veiðieiganda, að undanskildu því, er veiðimennirnir nota  
sjálfir til matar. Þá má einnig telja upplýst, eins og áður er  
vikið að, að umrædd veiðiréttindi séu svo góð, að líklegt sé,  
að unnt sé að leigja þau ásamt Hjarðarholtsveiði um ó-  
ákveðna framtíð fyrir a. m. k. ekki lægri leigu en gert var  
1936, £100—0—0.

Í 85. gr. veiðilaganna segir, að um mat eftir þeim  
skuli fara eftir lögunum um framkvæmd eignarnáms, en í  
10. gr. þeirra laga segir, að matsverð skuli miðast við það  
gangverð, er eignin myndi hafa í kaupum og solum. Er  
yfirmatsmennirnir staðfestu matsgerð sína, kom það fram,  
að þeir höfðu ekki gert sér grein fyrir gangverði þeirra í  
frjálsum kaupum, t. d. miðað við veiðiréttindi í öðrum sam-  
bærilegum ám, eins og þeim hefði borið að gera.

Verður rétturinn því að fallast á það með stefndum, að  
matið sé framkvæmt á röngum grundvelli og að því sé ekki  
unnt að skylda stefnda til að afsala réttindum gegn greiðslu  
áðurgreindra matsupphæða.

Verða málslok því þau, að stefndur verður sýknaður af  
kröfum stefnenda og þeir in solidum dæmdir til að greiða  
honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Theodór Johnson, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Benedikts Benediktssonar, Jóhannesar Benediktssonar, Sigtryggs Jónssonar og Ríkissjóðs Íslands, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndum in solidum kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**  
 gegn

**Þóru Guðmundsdóttur**

Úrskurðuð framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1937, hefir krafizt þess aðallega, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerktur.

Þann 15. des. 1936 krafðist stefnda höfðunar barnsfaðernismáls þessa, og voru þá liðin meira en 4 ár frá 4. nóv. 1932, er barn hennar fæddist.

Með skirskotun til 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 46/1921, er þá voru í gildi, telur áfrýjandi mál þetta of seint höfðað, þar sem ráðherra hafi eigi lengt málshöfðunarfrestinn, sem var ákveðinn eitt ár frá fæðingu barns, sbr. nú 6. málsgr. 211. gr. laga nr. 85/1936. Í meðferð málsins í héraði kom þetta atriði eigi fram, og í áfrýjunarstefnu er engin krafa gerð í þessa átt. Verður ómerkingarkrafan þegar af þessari ástæðu eigi tekin til greina.